

Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 AKRANES

Garðabær, 14. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0046
LA

Efni: Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístunda- og þjónustusvæðið Lísuborgir, Hvalfjarðarsveit.

Vísað er í tölvubréf frá Hvalfjarðarsveit sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 24. maí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Lísuborgir undir Hafnarfjalli. Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem er í samræmi við Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 þar sem svæðið er skilgreint sem frístundasvæði. Skipulagssvæðið er um 20 ha og gert er ráð fyrir 12 frístundahúsum og 5 þjónustuhúsum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð og uppdrátt að tillögu deiliskipulagsins. Þar koma fram flest þau atriði sem þarf til kynningar á deiliskipulagi.

Samkvæmt loftmyndum tekna 2022 (sjá map.is) er nú þegar hafin uppbygging innan svæðisins á þremur frístundahúsum sem staðsett eru næst ströndinni, þ.e. norðvestast á skipulagsuppdrætti.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Skipulagssvæðið er ekki friðlýst en er innan tveggja svæða á náttúruinjasrá þ.e. Melabakkar og Narfastaðaós (nr. 236) og Hafnarskógur (nr. 237). Þá er norðvestasti hluti skipulagssvæðisins innan B-hluta tillögu Náttúrufræðistofnunar, Mýrar og Löngufjörur, vegna fjölbreytni í náttúruferi, svo sem vistgerðir, fuglar og selir (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/vesturland/myrar-longufjorur>). Svæðið er hverfisverndað í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna vistfræðilegs mikilvægi birkiskóga.

Reikna má með að uppbygging innan svæðisins komi til með að hafa áhrif á þróun birkiskóga, votlendi innan skipulagssvæðisins og jafnvel leirur austan við Straumseyri sem eru mikilvægar fyrir fuglalíf svæðisins. Ekki er að sjá að birkiskógur sé útbreiddur eða þéttur innan skipulagssvæðisins.

Náttúrufræðistofnun mælist til þess að norðvesturmörk skipulagssvæðisins miðist við reiðstíginn sem liggur meðfram strandlengjunni til að hlífa fjörunni, sjávarkömbum og leirum við raski.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt, eins og fram kemur í greinargerð, að halda öllu raski í lágmarki við uppbyggingu svæðisins og að eingöngu verði leyft að planta innlendum plöntutegundum. Setja þarf skilmála í deiliskipulagið þar sem þetta ákvæði kemur skýrt fram. Ekki er skilgreind náttúruvæðing á svæðinu, en vegna nálægðar við strönd ætti að hafa fyrirvara um flóðahættu.



Það er mat Náttúrufræðistofnunar að skipulagssvæðið sé mikilvægt svæði náttúruminja og er í nálægð mikilvægra svæða á náttúruminjaskrá sem þörf er að vernda. Stofnunin mælist til þess að fylgst sé vel með uppbyggingu og þróun frístunda- og þjónustusvæðisins til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Lovisa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

